



Lífsværk lífeyrissjóður  
Jón L. Árnason  
Engjateigi 9  
105 Reykjavík

## FJÁRMÁLA- OG EFNNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 13. september 2017  
Tilv.: FJR17060102/15.3

Vísað er til erindis Lífsværk lífeyrissjóðs, dags. 28. júní sl., þar sem þess var farið á leit við ráðuneytið að það staðfesti breytingar á samþykktum sjóðsins. Með bréfi, dags. 29. júní sl., óskaði ráðuneytið eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um breytingarnar. Umsögn Fjármálaeftirlitsins barst með bréfi, dags. 17. júlí sl., og var hún neikvæð að hluta. Með bréfi, dags. 18. júlí sl., var sjóðnum gefinn kostur á að taka afstöðu til umsagnar eftirlitsins. Afstaða sjóðsins barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 25. júlí 2017.

Fram kemur í gögnum Lífsværks lífeyrissjóðs að helstu breytingar á samþykktum hans felist í stofnun nýrrar deildar sem geti tekið við sérgreindu séreignariðgjaldi og aukningu réttinda vegna greiðslu Vátryggingafélags Íslands til sjóðsins úr stjórnendatryggingu sjóðsins. Þá greinir að samkomulagsbætur þær sem um ræðir séu vegna fjárfestinga á árinu 2008. Því telji stjórn sjóðsins það réttlætismál að skerðing á lífeyrisréttindum sem sjóðfélagar á þeim tíma þurftu að una í kjölfarið gangi nú að hluta til baka.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við efni breytinga á samþykktum sjóðsins í tengslum við aukið mótframlag launagreiðanda og stofnun nýrra deildar um tilgreinda séreign.

Í breytingum á samþykktum sjóðsins er að finna grein 19.14 sem felur í sér nýtt bráðabirgðaákvæði að því er varðar fyrrnefndar samkomulagsbætur. Ákvæðið felur í sér að þeir sjóðfélagar sem urðu fyrir skerðingu lífeyriréttinda frá og með 1. september 2009, njóti einir ávinnings af umsáminni bótagreiðslu VÍS til sjóðsins vegna fjárfestinga á árinu 2008. Í umsögn Fjármálaeftirlitsins greinir að ekki fáiast séð að lagastoð sé fyrir hendi til að víkja frá grundvallarreglu um jafnræði sjóðfélaga innan samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Fram kemur að í fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði felist að tiltekinn hluti sjóðfélaga innan samtryggingardeildar sjóðsins sé tekinn út fyrir sviga og eigi að fá ráðstafað til sín lífeyrisréttindum umfram aðra sjóðfélaga.


Ráðuneytið hefur farið yfir gögn málsins og hefur skilning á framkomnum sjónarmiðum sjóðsins um hið nýja bráðabirgðaákvæði. Hins vegar telur ráðuneytið að líta verði til ákvæðis 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Í greininni er m.a. kveðið á um skyldu lífeyrissjóðs til að bregðast við með breytingum á samþykktum sjóðsins leiði árleg tryggingafræðileg athugun í ljós meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyriskuldbindinga, sbr. einnig 24. gr. laganna. Í þessu felst að það er lögbundin skylda lífeyrissjóðs að bregðast við ef munur á milli eigna og kuldbindinga


sjóðsins fer yfir þau mörk sem lög kveða á um á hverjum tíma, óháð því hvaða þættir orsaka muninn.

Þá er það mat ráðuneytisins að líta verði til eðlis samtryggingar en í henni felst að áhætta dreifist með jöfnum hætti meðal sjóðfélaga sem eiga réttindi í sjóðnum á þeim tíma þegar breyta þarf réttindaávinnslu, óháð aðstæðum. Eignir sameignarsjóða eru ekki deildarskiptar, hvorki eftir tímabili né sjóðfélögum, heldur eru þær sameign allra sjóðfélaga á hverjum tíma. Ráðuneytið telur að umrætt bráðbirgðaákvæði sé ekki til þess fallið að ná þeim markmiðum sem samtryggunni er ætlað að standa fyrir og gangi gegn því fyrirkomulagi samtryggingar sem leiða má af lögum nr. 129/1997.

Með vísan til framangreinds synjar ráðuneytið beiðni sjóðsins um staðfestingu samþykktarbreytinga. Að undanskildu umræddu bráðabirgðaákvæði telur ráðuneytið forsendur til að staðfesta breytingar á samþykktum sjóðsins, kjósi sjóðurinn að senda ráðuneytinu þær til staðfestingar svo breyttar.

Fyrir hönd ráðherra

  
Anna Valbjörg Ólafsdóttir

  
Haraldur Steinþórsson

Ljósrit: Fjármálaeftirlitið.